

Fermingarblað Vífils

1. tölublað

29. árgangur

2007



Skátafélagið Vífill 40 ára

Fermingarbörn í Garða- og Vídalínskirkju 2007

Hátíðarhöld sumardagsins fyrsta í Garðabæ

Sumarnámskeið Vífils í 19. sinn



HUGSAÐU UM FRAMTÍÐINA!

Framtíðarbók Kaupþings er góð fermingargjöf

Framtíðarbók er verðtryggður sparireikningur sem ber hæstu vexti á verðtryggðum reikningum bankans. Innstæðan verður laus til úttektar við 18 ára aldur.

www.kaupthing.is

444 7000
HRINGDU & PANTAÐU



KAUPÞING

Hugsum lengra

Tuttugasti og níundi árgangur !

Fermingarblað Vífils, eitt elsta blaðið í Garðabænum kemur nú út í tuttugasta og níunda skipti.

Eins og venjulega er blaðinu meðal annars ætlað að kynna fermingar-skeytasölu félagsins, en hún hefur verið ein af fjárflokkum félagsins í hartnær 30 ár.

Sem fyrr eru listar yfir þau fermingarborn sem fermast í Garða- og Vídalínskirkju ásamt þeim úr Garðabæ sem fermast í Bessastaðakirkju.

Listarnir eru þeir eins og þeir lágu fyrir er blaðið fór í prentun, en hugsanlega hafa orðið einhverjar breytingar frá þeim tíma.

Með Fermingarblaði Vífils, sem er alfarið unnið af skátum Vífils, viljum við einnig kynna allt það umfangsmikla starf sem fer fram í Garðabæ.

Nú pantar þú líka skeyti á vefnum !

Við hvetjum bæjarbúa til að senda fermingarbornum skátaskeyti, hvort sem þeir eru nágrannar, vinir eða ættingjar og þannig styðjið þið við öflugt æskulýðsstarf í bænum.

Við höldum áfram að hafa skeytasöluna á heimasíðu félagsins www.vifill.is og hvetjum ykkur að nýta hana - þar er opið allan sólarhringinn.

Auðvitað er svo líka hægt að hringja í okkur til að panta skeytin.

Vífill er fyrirmyndarfélag BÍS

Vífill varð nýlega fyrirmyndarfélag Bandalag Íslenskra Skáta. Stjórn og foringjar tóku hressilega á því og kláruðu verkefnabókina "Á réttri leið" sem gefin er út af Bandalagi Íslenskra Skáta.

Sérstaklega erum við stolt af því að Vífill varð fyrst skátafélag á landinu til þessa.

**Vífill 40 ára á sumardaginn fyrsta**

Allt er fertugum fært og klárlega sannar afmælisbarnið það.

Nú á sumardaginn fyrsta verður stóri dagurinn og verður margt gert til að halda daginn hátíðlegan.

Hvetjum við alla sem fyrr að koma í skátamessu, skrudgönguna að ógleymdu skátakaffinu, sem verður venju samkvæmt í Hofstaðaskóla.

Umfangsmikið skátastarf í Vífli

Mikið hefur verið að gera hjá Vífli síðasta árið og fóru skátar úr Vífli t.d. á fjöldamörg skátamót síðastliðið sumar, ásamt því að taka þátt í námskeiðum bæði hérlendis og erlendis.

Að sjálfsögðu voru einnig hefðbundnar félags-, sveitar- og flokksútilegur, en þær eru fastir liðir í starfinu.

Ekki má gleyma að Vífill sá um allan undirbúning og framkvæmd hátíðahalda á 17. júní ásamt því að sjá um sumardaginn fyrsta eins og venjulega.

Umsjónarmenn sumarstarfsins fengu að auki mikinn fjölda erlendra gesta sem komu og fengu að gista í skátaheimilinu, svo mikið hefur verið um að vera eins og venjulega hjá félaginu.

Sumarnámskeiðin slógu nýtt met !

Einn af hápunktum ársins fyrir félagið var sá að Útilífs- og ævintýranámskeið og Smíðavöllurinn voru gríðarlega vel sótt og tókust frábærlega í alla staði.

Sumarnámskeið í 19. sinn.

Auðvitað kynnum við hér í blaðinu okkar vinsælu Útilífs- og ævintýranámskeið, en þau verða haldin í sumar í nítjándu skiptið og Smíðanámskeið Vífils verður í okkar umsjá í fjórða sinn.

Námskeiðin eru alltaf að verða vinsælli og vinsælli og ekki er verra að fara að huga að bókunum því síðustu árin hefur verið uppbókað á þau öll á met tíma.

Bestu þakkir !

Frá okkur skátum í Vífli sendum við bestu kveðjur og þakkir til þeirra fyrirtækja sem hafa gert þessa útgáfu mögulega.

Með skátakveðju,
Björn Hilmarsson,
ritstjóri.



Útgefandi:
Skátufélagið Vífill

Ábyrgðarmaður
Helgi Grímsson

Ritstjórn
Björn Hilmarsson
Guðmundur Finnbogason
Halldóra Miyoko Magnúsdóttir
Hermann Sigurðsson
Helgi Grímsson
Hjálmar Örn E. Hinz
Karl Rúnar Þórsson
Sigrún Helga Gunnlaugsdóttir
Jónsteinn Jóhannsson
Unnur Flygenring
Þorkell Einarsson

Myndir
Hanna Dóra Magnúsdóttir
Kolbrún Reinholdsdóttir
ásamt myndum úr myndasafni Vífils og ritstjórnar



Vífill fyrsta skátafélagið

Skátufélagið Vífill er fyrsta skátufélagið á landinu sem fær gæðaviðurkenningu Bandalags íslenskra skáta. Stjórn og foringjar Vífils tóku verkefnið mjög föstum tökum og var mikið fundað og skipulagt samkvæmt Gæðahandbók BÍS. Var því fagnað í nóvember á skrifstofu Garðabæjar þegar bæjarstjórn og stjórn BÍS afhentu Vífli sérstakt viðurkenningarskjal í tilefni áfangans.

Gæðamat fyrir skátafélög

Gæðamatið hefur tvíþættan tilgang, annan sem snýr að innra starfi félagsins og hinn sem snýr að því umhverfi sem skátufélagið starfar í. Til þess að efla innra starf skátafélags þarf félagsstjórn að skipuleggja starfið fram í tímann, setja ramma utan um það og marka því stefnu.

Stjórnir skátafélaga fá skýr verk

Stjórnir skátafélaga þurfa því að spyrja sig hvað þær ætli að gera og hvernig, hvaða áherslur ætla félagið að hafa og hvernig eiga þær að koma fram. Með markvissu starfi stjórnar aukast líkur á að starfið í skátasveitunum eflist og þannig skipta störf stjórnar verulegu máli fyrir skátana og foreldra þeirra. Þegar félag hefur hlotið gæðaviðurkenninguna getur það á áþreifanlegan hátt sýnt sveitarfélagi, fyrirtækjum og öðrum að á vegum þess fari fram gæðastarf sem hlotið hafi viðurkenningu Bandalags íslenskra skáta.

Uppskipting gæðamats

Gæðamatinu er skipt í fimm hluta: Skipulag félags, starf félags, fjármála-stjórn, fræðslumál/menntun og samstarf. Kjörorð skáta er „Ávallt viðbúinn"! Með gæðamatinu er skátufélögum gert kleift að standa undir þessum orðum og eyða óvissupáttum í starfinu. Með faglegu og markvissu starfi ná skátufélög að standa undir markmiðum sínum og Bandalags íslenskra skáta.



Stjórn Vífils skipa nú

Félagsforingi

Helgi Grímsson

Aðstoðar félagsforingi

Hrafnhildur Sigurðardóttir

Ritari

Brynjar Hólm Bjarnason

Gjaldkeri

Björn Hilmarsson

Meðstjórnendur

Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Soffía Dagmar Þorleifsdóttir

Unnur Flygenring

ITALÍA



Besta ólífuolían

að mati landsliðs matreiðslumeistara

- beint frá Ítalíu



Landslið Íslands í matreiðslu gerir miklar kröfur um gæði hráefna.

" Ítalía ólífuolían stenst allar okkar kröfur um framúrskarandi gæði. "

Landslið matreiðslumeistara



HAGKAUP
Sæmmtilegast að versla

Sumardagurinn fyrsti 19. apríl er hátíð allra Garðbæinga

Afmælisdagur Vífils - 40 ára afmæli

Mikið verður um dýrðir á sumardaginn fyrsta, en sterk hefð hefur myndast um hátíðahöldin í Garðabæ og hafa þau verið í umsjá Vífils alla tíð.

Sumardagurinn fyrsti er um leið afmælisdagur félagsins, en félagið var stofnað á þessum degi árið 1967 og verður því 40 ára á þessu ári.

Skátamessa í Vídalínskirkju kl. 13

Dagurinn hefst með fánaathöfn við Vídalínskirkju laust fyrir klukkan 13 og hefst svo skátaguðspjónusta í kirkjunni strax á eftir. Í kirkjunni verða meðal annars veittar viðurkenningar fyrir starf vetrarins.

Við hvetjum alla Garðbæinga að taka þátt í dagskránni frá upphafi.

Skrúðganga að Hofsstaðaskóla

Skrúðgangan hefst svo eins og venja er fljótlega eftir skátamessuna eða klukkan 14. Gengið verður frá Vídalínskirkju, niður Hofsstaðabraut, eftir Bæjarbraut að Hofsstaðaskóla og inn á hátíðarsvæðið þar.

Skátaforingjar úr Vífli munu sjá um fánaborg í skrúðgöngunni og sér lúðrasveit um göngutaktinn og hressan undirleik.

Dagskrá við Hofsstaðaskóla

Við Hofsstaðaskóla mun lúðrasveitin leika nokkur lög og að því loknu hefst skemmtidagskrá þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, t.d. leiktæki, söng og skemmtiatriði.

Skátakaffi og afmælisökur

Hofsstaðaskóli verður opinn og hið víðfræga skátatertuhlaðborð Vífils

Skátafélagið Vífill 40 ára !



verður þar samkvæmt hefðinni. Kaffisalan verður í samkomusal skólans og er nóg pláss fyrir alla.

Nú mæta allir !

Við í Vífli erum stolt af því að sjá um svo viðamikla hátíð í bænum og vonum við að við sjáumst sem flest !

Allir eldri skátar Vífils eru hvattir til að setja upp gamla skátaklútinn og koma í skrúðgönguna.

Þeir sem finna þá og koma með þá um hálsinn í skrúðgönguna og á hátíðarsvæðið verða kallaðir upp á sviðið og fá verðlaun frá Vífli í tilefni dagsins. Allir sem finna klút verða heppnir, en sumir svo heppnir að þeir gætu endað í útlöndum ! Þessi leikur verður sérstaklega auglýstur síðar.

Finnur þú týndu skátaklútana ?

Vantar þig skátaklút ?

Reyndu þá að finna hann !

Sérstakur leikur verður í gangi um allan Garðabæ að morgni sumardagins fyrsta.

Þá verður búið að fela 40 sérmerкта og númeraða skátaklúta um allan bæinn og



Skátamessa, skróðganga, kaffisala og skemmtun

Allir
velkomnir
í 40 ára
afmæli
Vífils á
sumardaginn
fyrsta þann
19. apríl.

Sjáumst !

Sumardagsnefnd Vífils.



SUND...lættir lund



Sundlaugin í Ásgarði
hefur allt til alls,

þar er *mjög góð*
25 metra sundlaug,

skemmtileg barnalaug
með ýmsum leiktækjum,

tveir *notalegir* heitir pottar
og gufubað.

Komdu og nýttu þér
þá *glæsilegu* aðstöðu
sem er í boði.

Tilvalinn staður
fyrir alla fjölskylduna.



Sundlaug Garðabæjar
Íþróttamiðstöðin Ásgarði
sími 565 8066

Opnunartími:
Mánudaga - föstudaga kl.6:30-22
Laugardaga - sunnudaga kl. 8-18

Hætt er að selja aðgöngumiða
hálf tíma fyrir auglýstan lokunartíma

Kuldi hvað ?

Dróttskátasveitin Ds. Kuldi hefur starfað af miklum krafti í vetur. Dróttskátarnir í sveitinni hafa heldur betur gert ýmislegt fleira í vetur en að binda hnúta og syngja skátalög. Fundir hafa verið haldnir í hverri viku og farið hefur verið í nokkrar ferðir auk skátamóta. Á fundunum er oftast mikið fjör og margbreytilegar öggrandi uppákomur.

Útilegur og fjör

Í sveitinni eru bæði strákar og stelpur á aldrinum 13-16 ára. Útilegurnar eru fjölbreyttar og skemmtilegar. Oft er um að ræða miklar skemmtiferðir, en líka erfiðar fjalla- og gönguferðir. Sveitin hefur meðal annars farið í tvær félagsútilegur, bæði í Bláfjöll og á Úlfjótssvatn og hafði þar mörgum störfum að gegna. Eitt er víst að enginn kemur úthvöldur úr skátaútilegum og átti það svo sannarlega við þar. Einnig búið að



fara í vinnuferð upp í Víflsbúð, hellaferð, dagsferð ofl.

Skipst á við stjórnvölinn

Einn jafningi úr hópnemum er skipaður verkefnastjóri og stýrir ákveðnu, tilteknu verkefni og þegar því er lokið tekur næsta verkefni við og nýr verkefnastjóri tekur til starfa. Verkefnin sem hópurinn hefur verið að vinna í eftir áramót er t.d. Skipulagðar eru 2 - 3 útilegur og dagsferð fram á vorið.

Auk þess sem það eru nokkrir verkefnahópar sem sveitin hefur skipað og munu þeir starfa eitthvað út önnina. Þessir hópar eru t.d. fjölmiðlahópur, skátaskálahópur, afmælishópur og hönnunarhópur. Einnig mun dróttskátasveitin taka virkan þátt í afmæli Skátafélagsins í vor þegar það verður 40 ára.

Frábær hópur á leið á Jamboree
Dróttskátasveitin er nánast öll að fara á Alheimsmót skáta í Englandi og er það

mót haldið á fjögurra ára fresti.

Það þurfa helst allir skátar hafa prófað að fara á slíkt mót. Í ár er skátahreyfingin 100 ára og í tilefni þess er alheimsmótið haldið á Englandi því þaðan er stofnandi skátahreyfingarinnar.

Með skátakveðju,
Þorkell Einarsson
Hermann Sigurðsson



40 manna nefndin

Frá því í janúar hefur verið starfandi hópur í svokallaðri 40 manna nefnd, en hana skipa eldri skátar úr Víflí sem voru burðarásarnir í starfinu hér áður fyrr. Kallað var á nokkra aðila í haust og spurt hvort hægt væri að kalla til hóp sem myndi undirbúa 40 ára afmæli Vífls. Gekk það svo vel að þegar hópurinn stækkaði, þótti vel við hæfi að kalla hann 40 manna nefndina.

Auðvitað er það nú bara öfugmæli, því hátt í 60 manns eru komnir á listann.


Afmæli Vífls undirbúið

Hópurinn hefur fundað mánaðarlega og hafa komið upp frábærum hugmyndir fyrir afmælið á sumardaginn fyrsta. Ein þeirra sést á myndinni af turni bæjarskrifstofunnar, en það var Gunnar Kristinn Sigurjónsson sem kom með



hugmyndina og útfærði hana svona snilldarlega í tölvu.

Hvort við tökum svo upp saumavélarnar og saumum saman klút sem passar á turninn verður að koma í ljós, en margt er það sem stendur til á afmæli félagsins og er það kynnt sérstaklega í blaðinu.



Nýr á skrifstofunni

Guðmundur Finnbogason sér um allt utanumhald og rekstur félagsins og hefur hann komið sér fyrir í skrifstofunni á jarðhæðinni í Jötunheimum.

Guðmundur var sjálfur níu ára þegar hann gekk til liðs við Skátafélag Selfoss, en við höfum verið svo heppin að njóta krafta hans í Víflí síðustu árin, en Guðmundur hefur verið sveitarforingi síðustu misserin.



Sumir dagar eru slæmir dagar...

Blessunarlega eru flestir dagar fremur áfallalausir hjá Íslenskum fjölskyldum. En sumir vilja samt hafa öll sín mál á hreinu. Það er engin tilviljun að um 25.000 fjölskyldur hafa valið F plús fjölskyldutryggingu VÍS.

Sumir eiga hreinlega í erfiðleikum með að trúa því hversu víðtæk F plús tryggingin er. Hún felur í sér og veitir m.a.:

- Tryggingu á innbúi
- Slysstryggingu í frítíma
- Ferðasjúkra- og ferðarofstryggingu á ferðalögum erlendis
- Farangurstryggingu á ferðalögum erlendis
- Umönnunartryggingu barna
- Málskostnaðartryggingu
- Ábyrgðartryggingu einstaklings
- Afslátt af öðrum tryggingum
- Afslátt af öryggisvörum



Sjá nánar í skilmálum F plús tryggingar. Kynntu þér kosti F plús á vis.is eða næstu þjónustuskrifstofu okkar.

Vátryggingafélag Íslands
Ármúla 3 · 108 Reykjavík
Sími 560 5000 · vis.is



Krydd og kavíar

... og bragðlaukarnir brosa

www.kryddogkaviar.is

Sími: 565-9933



Við fórum í sund í haust og í Klifurhúsið, málað herbergið og búið til skyldi.

Forynjur blogga

Það sem við byrjuðum svo á í haust var að allir flokkarnir bjuggu sér til blogg sem eru orðin mjög flott með myndum úr útilegum ferðasögum. Bloggin eru líka samskiptamiðlarnir okkar.

Framundan hjá Forynjum er svo Útilísfelgi skátaflokka helgina 23.- 25. mars þar sem Forynjur ætla að mæta hressar og kátar og sigra!

Með skátakveðju,
sveitarfóringjar Forynja,
Halldóra Miyoko Magnúsdóttir
og Sigrún Helga Gunnlaugsdóttir

Allt á fullu hjá Forynjum

Það hefur verið mikið að gera hjá Forynjum í vetur.

Við byrjuðum á skemmtilegri nýliðadagskrá þar sem stelpurnar lærðu nokkur undirstöðuatriði skátastarfs og í lok þess tímabils var farið í vígsluútilegu þar sem stelpurnar voru vígðir skátar við leynilega athöfn í Fálkahelli.

Þá var gist í Vífilsbúð í Heiðmörk og þaðan gengið í Valaból og útilegan endaði svo í Kaldárseli.

Útilegur og ferðir

Einnig fórum við í magnaða félagsútilegu í Bláfjöllum þar sem

stelpurnar fengu að spreyta sig í hinum ýmsu smiðjum sem þar var boðið upp á, t.d. matarsmiðju, skátalegri föndur-smiðju og hellaferð.

En þar var ekki við setið og við skelltum okkur barasta í enn aðra útilegu í byrjun desember í Hleiðru við Hafravatn, sem endaði þó ekki eins og planað var, eins og kom fram á öllum helstu ljósvakamiðlum landsins skömmu seinna, en sem betur fer eru allar stelpurnar óhulltar.

Sund, klifur og fleira

Þetta er nú samt ekki það eina sem við gerum (þó það væri nú gaman).



Salur Jötunheima

Veislur eða fundir

Glæsilegur salur í hjarta bæjarins


Nýi salurinn okkar í Jötunheimum getur tekið um 120 manns í sæti og er allt til reiðu fyrir veislur eins og fermingar, brúðkaup, afmæli eða stóra vinnufundi. Salurinn er mjög vel tækjum búinn með t.d. skjávarpa, sýningartjaldi og alveg frábæru hljóðkerfi.

Allt til alls er í eldhúsinu eins og matarstell, bollar, glös, könnur, diskar, hnifapör og til að auðvelda uppvaskið er stór og mikil uppvöskunarvél. Einnig er í eldhúsinu eldavél til að hita sósur og rétti.

Úr salnum er glæsilegt útsýni út á Snæfellsnesið og hægt að fara út á svalir og niður í garðinn fyrir neðan.

Salurinn hefur verið vinsæll til útleigu og hvetjum við alla áhugasama til að hafa samband á skrifstofu félagsins til að fá nánari upplýsingar.





DELL™

AMD 

Turion⁶⁴
MOBILE TECHNOLOGY

HVAR SEM ER
HVENÆR SEM ER

AMD, the AMD arrow logo, AMD Athlon, AMD Sempron, AMD Turion, AMD Opteron, AMD Cool n Quiet and combinations thereof, are trademarks or registered trademarks of Advanced Micro Devices, Inc.

FERMINGARTÖLVAN FÆST HJÁ EJS OG PENNANUM

Það er til lausn á öllu

Opið 9-18 alla virka daga og 10-16 á laugardögum

www.ejs.is // Grensásvegji 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

EJS 

Margir góðir gestir

Við í Drekaskátasveitinni Furðufuglum höfum verið mjög dugleg í vetur.

Á fundi höfum við til dæmis fengið marga góða gesti eins og Dóru Birnu sem kom frá Össuri og fræddi okkur um hvernig það er að lifa án útlíma og hvað gervifætur og gervihendur eru orðnir eðlilegir.

Þar sem við erum búin að vera að styrkja hana Önu Karínu frá El Salvador í tvö ár fengum við heimsókn frá SOS.

Margvísleg verkefni

Við höfum fengið marga í heimsókn, en við höfum líka verið iðin við að leysa hinu ýmsu verkefni eins og skátum er einum lagið, ég held að fundurinn þar sem við kynntum okkur Indland og fengum að borða Inverskan mat með guðsgöflunum standi líka uppúr.

Heimsókn í félagsútileguna

En við erum ekki bara á fundum, því fyrir áramót var haldið í félagsútileguna sem var í Bláfjallaskála. Við vorum þar frá

snemma að morgni og seint fram á kvöld. Við renndum okkur á sleðum, héldum kvöldvöku, fengum æðislega góðan mat og margt margt fleira.

“Innilega” ársins

Einnig var hin árlega innilega haldin helgina fyrir jól, en þá gistum við í skátaheimilinu við Bæjarbraut.

Við dunduðum okkur við margt skemmtilegt þar og górum meira að segja í heimsókn í Smáralind og gáfum pakka undir Pakkatré Bylgjunnar.

Að undirbúa skátamót sumarsins

Það hefur svo margt verið gert eftir áramót og svo í sumar verður haldið á Úlfliótsvatn þar sem við ætlum að taka þátt í Ylfingamótinu.

Eins og þið sjáið erum við búin að vera rosalega dugleg og við hlökkum til að halda áfram að leysa skemmtileg og verkefni eins og skátum er einum lagið.

Með skátakveðju
fyrir hönd Furðufugla
Unnsteinn Jóhannsson

Mikil dagskrá

Það er sko aldeilis búið að vera mikið að gera hjá skátasveitinni Fornmönnum í vetur. Sveitin er búin að fara í nokkrar frábærar útilegur, stórskemmtilegar dagsferðir og svo er alltaf eitthvað skemmtilegt að gerast á fundum.

Öflugir strákar

Skátasveitin Fornmenn samanstandur af 17 strákum á aldrinum 10-12 ára og fjórum sveitarföngjum. Sveitin skiptist í þrjá flokka en þeir heita Aztekar, Inkar og Siouxar. Í flokkunum vinna strákarnir svo saman margvísleg verkefni eftir leiðbeiningum sveitarföngjanna fjögurra.

Gistu í hertjaldi í frostinu

Í byrjun vetrar fór sveitin í eins konar vígsluútilegu, en í henni voru strákarnir vígðir inn í sveitina. Útilegan var haldin í Heiðmörk og gistu þeir tvær nætur. Fyrri nóttina gistu þeir í skátaskála Vífils í Heiðmörk og hina í gömlu sænsku hertjaldi sem var með kamínu. Milli þess sem var sofið var meðal annars hjólað, borðað, sungið og siglt á kanó. Sveitin hefur líka farið í tvær félagsútilegur, eina í haust og eina núna í vor og stóð sveitin sig vel í þeim báðum.

Kepptum við foreldrana

Dagsferðir hafa líka verið nokkrar hjá Fornmönnum, en þær vara aðeins yfir



einn dag og því er ekki gist líkt og í útilegum. Í byrjun starfsárs fór sveitin í dagsferð í Heiðmörk og í það skiptið var foreldrum líka boðið með. Foreldrar og skátar kepptu síðan sín á milli í því sem skátarnir höfðu lært á fundum. Nokkru síðar fór sveitin í eina hellaferð og skoðaði meðal annars 100m helli og kom við í Valabóli.

Sveitin hefur því unnið gott starf í vetur og ætlar að halda því áfram alveg fram á vor, en þá er ætlunin að fara í fimm daga tjaldútilegu þar sem eflaust verður aftur gist í sænskum hertjöldum, ef félagið keypti tvö slík tjöld í vetur.

Með skátakveðju,

Viltu verða félagi í Skátafélaginu Vífli ?
Komdu í Jötunheima við Bæjarbraut
eða hringdu í síma 565-8820 eða
kíktu á www.vifill.is og fáðu nánari upplýsingar

*Val á milli lágs verðs
og kröftugra valkosta
getur valdið höfuðverk...
...en nú er komin lausn*

PHILIPS
Símtöðvar fyrir allar stærðir fyrirtækja.



Síma- og tölvuhöfuðtöl
Mergar gerðir
Allir vorðstokkar

Scale Bluetooth: Mergverðlaunur
Bluetooth sett fyrir GSM
Góð reifstöðuendring, 9,5 tímar í tali og
vika á bíð

Fundersímar frá ClearOne
Frábærar lausnir sem henta fyrir minni og
stærri fundarherbergi

Mikil Gæval heimilssíma
Verð frá kr. 3900,-

PFAFF

Heimili gæðanna

Grenaásveg 13 | 108 Reykjavík | Sími 414 0400 | www.pfaff.is

Ef óskað er eftir vörukynningu eða
nánari upplýsingum vinsamlega sendið
póst á simamal@pfaff.is



símabúnaður



hjúð



retækil



semsvilar



bergurjóða

Bessastaðakirkja laugardaginn 24. mars kl. 10.30

- 101 Ída Pálsdóttir Bæjargil 73
 102 Kristín Guðmundsdóttir Markarflöt 55
 103 Sigrún María Jörundsdóttir Brúarflöt 9

Vídalínskirkja laugardaginn 24. mars kl. 13.00

- 104 Alex Freyr Gunnarsson Heiðarhjalli 24 Kóp.
 105 Ari Pétursson Mávanes 2
 106 Ágústa Ýr Guðmundsdóttir Markarflöt 28
 107 Baldvin Þormóðsson Sunnuflöt 5
 108 Bergþór Dagur Ásgrímsson Nónhæð 1
 109 Dagfinnur Ari Normann Marargrund 17
 110 Gísli Ragnar Guðmundsson Markarflöt 28
 111 Guðjón Ragnar Brynjarsson Háhæð 21
 112 Gunnhildur Eva Gunnarsdóttir Sunnuflöt 33
 113 Hafrún Sif Sveinsdóttir Faxatún 9
 114 Hekla Kolka Hlökkversdóttir Kjarrmóar 24
 115 Ingibjörg Thelma Leopoldsdóttir Furulundur 8
 116 Karl Elí Karlsson Eikarás 11
 117 Kristinn Aron Lúðvíksson Ögurás 7
 118 Kristinn Þór Óskarsson Garðaflöt 35
 119 Matthías Davíðsson Hraunás 3
 120 Oktavía Jóhannsdóttir Krúnes 3
 121 Ragna Einarsdóttir Hrísmóar 7
 122 Ragnheiður Ísdal Stekkjarflöt 11
 123 Rúnar Kristmannsson Urðarhæð 12
 124 Sara Benedikta Guðmundsdóttir Langamýri 23
 125 Sigríður Helgadóttir Furuás 1
 126 Sigurður Einar Jónsson Steinás 10
 127 Stefán Þór Þorgeirsson Kjarrás 3
 128 Þóra Kristín Magnúsdóttir Sigurhæð 1
 129 Þórdís Björk Arnardóttir Krókamýri 32
 130 Þórdís Hildur Þórarinsdóttir Hrísholt 8
 131 Þórir Freyr Höskuldsson Holtsbúð 51
 132 Þórunn Bryndal Langamýri 21

Vídalínskirkja sunnudaginn 25. mars kl. 10.30

- 201 Andri Bjarnason Engimýri 11
 202 Arna Þorbjörg Halldórsdóttir Brekkubýggð 48
 203 Bjarnþór Ingi Sigurjónsson Hörgslundi 5
 204 Kolbrún Ósk Ólafsdóttir Hlíðarbyggð 25
 205 Ólafur Örn Guðmundsson Brekkubýggð 32
 206 Ómar Þór Ómarsson Birkiás 26
 207 Pétur Júlíus Gunnlaugsson Blikanes 23
 208 Rúnar Ívars Holtsbúð 13
 209 Sindri Freyr Gíslason Súlunes 25
 210 Thelma Björk Hlynsdóttir Burknaveilir 10 Hf
 211 Viktor Örn Arnarson Smáraflöt 17

Vídalínskirkja sunnudaginn 25. mars kl. 13.00

- 220 Arnar Freyr Bóasson Hörgatún 21
 221 Arnar Már Pétursson Greniás 17
 222 Ásgeir Örn Kristjánsson Holtsbúð 7
 223 Bjarni Hannesson Dalsbyggð 5
 224 Davíð Guðjónsson Steinás 4
 225 Eiríkur Rúnar Ásgeirsson Blómahæð 7
 226 Guðbjartur Þraínsson Sunnuflöt 11
 227 Gunnar Gunnarsson Birkihæð 3
 228 Harpa Hlín Einarsdóttir Bæjargil 49
 229 Ólafur Örn Jóhannsson Blikanes 13

- 230 Raket María Hjaltadóttir Hrísmóar 2A
 231 Rebekka Jenný Reynisdóttir Borgarás 10
 232 Sandra Dögg Sigurbjörnsdóttir Bæjargil 61
 233 Steinunn María Gísladóttir Blómahæð 6
 234 Steinunn Steinþórsdóttir Efstilundur 13
 235 Víðir Hólm Ólafsson Móaföt 51
 236 Þóra Sayaka Magnúsdóttir Tjarnarflöt 7

Bessastaðakirkja sunnudaginn 25. mars kl. 15.00

- 237 Benjamín Ágúst Gíslason Haukanes 14
 238 Jakob Daníel Jakobsson Haukanes 13
 239 María Rist Jónsdóttir Háhæð 2

Vídalínskirkja laugardaginn 31. mars kl. 10.30

- 301 Bjarki Ágúst Guðmundsson Lyngmóar 1
 302 Dagur Hoe Sigurjónsson Melás 12
 303 Darri Steinn Konráðsson Sigurhæð 10
 304 Egill Guðlaugsson Þernunes 9
 305 Finnur Marteinn Sigurðsson Krókamýri 28
 306 Guðný Birna Guðnadóttir Ásbúð 83
 307 Hans Marteinn Helgason Bæjargil 16
 308 Hilmar Pálsson Bæjargil 89
 309 Hrannar Heimisson Löngumýri 28
 310 Hróbjartur Böðvarsson Lindarflöt 9
 311 Jón Rúnar Ingimarsson Marargrund 13
 312 Sindri Már Grétarsson Krókamýri 58
 313 Sveinn Hlynur Þorsteinsson Asparlundur 17
 314 Tómas Dan Jónsson Fagrahæð 3

Garðakirkja laugardaginn 31. mars kl. 13.00

- 320 Aðalheiður Kristbjörg Jensdóttir Hraunhólar 13b
 321 Andri Hjartar Grétarsson Bjarkarás 12
 322 Arney Rún Jóhannesdóttir Bjarkarás 26
 323 Björk Hrafnisdóttir Víðiás 6
 324 Dögg Gísladóttir Bæjargil 85
 325 Erna Leifsdóttir Arnarás 3
 326 Eyrún Engilbertsdóttir Markarflöt 18
 327 Gerður Dóra Aðalsteinsdóttir Fagrihvammur 13, Hf.
 328 Haraldur Axel Haraldsson Háhæð 15
 329 Karen Ósk Kristjánsdóttir Hrísmóar 7
 330 Kristófer Björn Ólason Víðiás 8
 331 Marteinn Már Jakobsson Asparás 4
 332 Perla Ásmundsdóttir Hraunás 12
 333 Sigurður Sveinn Smárason Faxatún 3

Garðakirkja laugardaginn 31. mars kl. 15.00

- 340 Ásdís Björk Gunnarsdóttir Ásbúð 51
 341 Gunnsteinn Aron Skúlason Hegranes 32
 342 Jón Þór Backman Ásbúð 71
 343 Jón Þórarinn Úlfsson Smáraflöt 8
 344 Óskar Örn Eyþórsson Langamýri 26

Garðakirkja pálmásunnudag 1. apríl kl. 10.30

- 401 Alda Elísa Ingvarsdóttir Móaföt 20
 402 Árný Björg Ósvaldsdóttir Faxatún 23
 403 Ástrós Anna Klemensdóttir Gígjulundur 2
 404 Baldur Jónsson Aratún 40
 405 Erla Guðný Helgadóttir Einilundur 8
 406 Eva Agnarsdóttir Lækjarás 5
 407 Eydís Lilja Eysteinsdóttir Bæjargil 37
 408 Gils Peter Tompkins Hraunsholtssveg 6

Skeytasalan opin milli 13-17 þá daga sem fermt er

- 409 Guðmundur Sæmundsson Ægisgrund 11
- 410 Guðrún Hrefna Guðjónsdóttir Ásbúð 7
- 411 Katrín Klara Emilsdóttir Heiðarlundur 21
- 412 Rakel Þorbjörnsdóttir Faxatún 20
- 413 Rósa Kristinsdóttir Langamýri 7
- 414 Telma Erlendsdóttir Laufás 2


Bessastaðakirkja pálmásunnudag 1. apríl kl. 13.00

- 501 Andri Viðar Björnsson Hagafliót 3


Vídalínskirkja pálmásunnudag 1. apríl kl. 15.00

- 502 Bryndís Inga Pálsdóttir Brekkubyggð 14
- 503 Halldór Jónatansson Krókamýri 42
- 504 Hanna Katrín Ingólfssdóttir Skógarlundur 5
- 505 Hildur Eva Ásmundardóttir Engimýri 12
- 506 Hrannar Darri Gunnarsson Ögurás 5
- 507 Lárus Jón Thorarensen Brúnás 6
- 508 María Sif Óladóttir Langamýri 35
- 509 Ólafur Jón Ólason Langamýri 35
- 510 Tryggvi Páll Hreinsson Krókamýri 56
- 511 Þorgeir Vilberg Ragúel Sigurðsson Súlunesi 27


Fimm skeytategundir í boði Öll skeytin eru send í fallegum umslögum




1. Garðakirkja



2. Vídalínskirkja



3. Frá Úlfjótuvatni



4. Fljúgandi svanir



5. Jöklasýn

Pöntunarsímar: 565-8820 , 565-8989 og 899-0089 og www.vifill.is

Tekið er á móti pöntunum í Skátamiðstöðinni Jötunheimum við Bæjarbraut 7 milli kl. 13 og 17 um fermingardagana, en einnig er opið í Jötunheimum milli kl. 17 og 20 þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga.

Ef pantað er símleiðis, verður að greiða með greiðslukorti og gefa þarf upp greiðslukortanúmer og gildistíma.

Verð á skátaskeytunum er aðeins kr. 800.

Einfalt að panta skátaskeyti

Munið að hafa tilbúið greiðslukortið til að gefa okkur upp kortanúmerið og gildistímann á því.

Einfaldast er að gefa upp raðnúmerið sem er við nafnið, því það flýttir fyrir afgreiðslu hjá okkur.

Athugið breyttan opnunartíma

Afgreiðslan í Skátaheimilinu er opin milli klukkan 13 og 17 og við lokum stundvíslega til að koma skeytunum út eins fljótt og auðið er. Öll skeytin eru send út í sérmerktum umslögum

Líka í Hafnarfjörð og Kópavog

Munið að við tökum á móti skeytum í Hafnarfjörð og Kópavog, þá daga sem fermingar eru í Garðakirkju og Vídalínskirkju.



Garðabæingar - Þökkum veittan stuðning

Fyrsta stjórn

Vífils

Fremst frá vinstri:

Sigurgeir Óskarsson

Helgi Eggertsson

Alda Helgadóttir

Vilbergur Júlíusson

Stofnað á sumardaginn fyrsta

Skátafélagið Vífill var stofnað á sumardaginn fyrsta árið 1967, en þá þótti tími kominn til að að færa starfið alfarið inn í ört vaxandi bæjarfélag, Garðahrepp, eins og bærinn hét þá. En stofnun félagsins var í raun, rökrétt framhald, af starfi skátasveitanna sem starfað höfðu innan Skátafélagsins Hraunhóla í Hafnarfirði.

Byrjaði í Flataskóla

Félagið starfaði fyrst í Flataskóla, og því næst í Goðatúni 3 í húsi sem í dag hefur verið jafnað við jörðu. Tímamót urðu árið 1969, þegar félagið festi kaup á húsinu við Hraunhóla 12.

Viðbygging var reist við húsið árið 1991 og reyndist húsið í alla staði frábærlega og hýsti alla félagsstarfsemi Vífils fram til ársins 2003.

Þá var tekið höndum saman með Hjálparveit skáta og yfirvöldum í Garðabæ og reist ný skátamiðstöð við Bæjarbrautina. Húsið Jötunheimar er nú tilbúið og því lík lyftistöng fyrir starfið.

Ótrúlega fjölbreytt starf

Ekki er víst að allir Garðbæingar þekki vel til skátstarfs almennt, eða starfsins í Vífli. Ýmsir halda að aðalverkefni skátanna sé að ganga teinréttir og hátíðlegir í fasi með fána í skrudgöngum á sumardaginn fyrsta eða á 17. júní og binda svo endalusa skátahnúta þess á milli. Því fer hins vegar fjærri að slíkar staðreyndavillur eigi við um starfið í Vífli!

Skátafundir, varðeldar, skátamót, útilegur og dagsferðir eru dæmigerð viðfangsefni skátanna í Vífli. Á skátafundum fer fram

Fremst frá hægri

Helgi Bernhardsson

Þórdís Norðdal

Guðrún Unnur Sigurðard.

Ágúst Þorsteinsson

undirbúningur fyrir hin stærri verkefni, svo sem dagsferðir og útilegur. Í ýmsum ferðum og á skátamótum gefst skátunum svo tækifæri til að reyna á þekkinguna sem þeir hafa innbyrgt á skátafundunum. Ljóst er að útilífið er einn mikilvægasti þáttur skátastarfsins og í krefjandi fjallaferðum sem stundum hafa verið farnar með aðstoð Hjálparveitarinnar hefur margur athafnasamur unglingurinn náð réttum áttum.

Stóru skátamótin stór þáttur

Ferðir á skátamót erlendis eru gjarnan á dagskrá og má nefna að nú stefna um 430 skátar frá Íslandi á alheimsmót í Englandi á næsta ári og á Vífill um 20 þátttakendur af þeim. Á mótinu verða um 60 þúsund



Ágúst Þorsteinsson, fyrsti félagsforingi Vífils

skátar alls staðar að og ljóst er að um mikið ævintýri er að ræða.

Frábært að eiga skátaskálann

Skátafélagið Vífill hefur verið svo lánsamt að eiga eigin útileguskála í nágrenni við bæinn og hafa skálaútilegurnar verið einn af föstu liðum skátanna í Garðabæ.

Auk skátafunda og útilífs og skátamóta eru ýmsir aðrir fastir liðir á dagskrá skátafélagsins á hverju ári eins og hin sívinsælu Ævintýra- og útilífsnámskeið sem Vífill hefur verið með síðastliðin 18 sumur.

Ekki má svo gleyma smíðavellinum, þátttöku í sumarhátíðum skóla, sumardegnum fyrsta, skeytasölu, svo nokkuð sé nefnt.

Allir virkir í starfinu

Við skátar í Garðabæ erum stoltir af því að vera hlekkur í keðju öflugs æskulýðsstarfs sem byggir hugmyndir sínar jafnt á hugmyndinni um virka þátttöku, því í skátaflokknum er hver einasti skáti mikilvægur hlekkur í starfi flokksins og félagsins.

Nú eftir að hafa verið fyrsta skátafélagið sem hefur fengið viðurkenninguna "Fyrirmyndarfélag Bandalags íslenskra skáta" erum við auðvitað enn stoltari.

Karl Rúnar Þórsson

Björn Hilmarsson



Sr. Bragi Friðriksson flytur ávarp á stofnfundi



Frá stofnfundi sumardaginn fyrsta 1967

Myndir úr starfinu síðustu 40 árin

Hellisbúar á leið í Vífilsbúð:

Erling, Jón, Árni, Sigurjón, Jón Þór og Rögnvaldur



Félagsútilega 1985: Á myndinni sjást m.a.:
Sigurður Bjarni, Hafdís Rut, Karl Rúnar,
Haukur Þór, Gestur, Jón Þór, Kristinn o.fl.



Vífilsmót 1974:
Linda og Kolbrún.



Frá stofnfundi Vífils sumardaginn fyrsta 1967



Frá stofnfundi Vífils sumardaginn fyrsta 1967



**Stór hópur úr Vífli á vinabæjarmóti
í Birkeröd árið 2000**



Ylfingar 1986: Lárus, Bubbi, Svava,
Ragna, Ásta og Inga Lind



Skátaflokkurinn Flisar árið 1981-1982
Svava, Sigga Dóra, Ingibjörg,
Magga Dísa, Elín, Magga Jónasar



Útilega í gömlu Vífilsbúð árið 1986



Vífilsmót 1974:
Linda, Dóra, Erla og Kolbrún



Frá Landsmóti 2005: Vífill að grilla fyrir Garðbæinga





Skátafélagið Vífill

Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils eru skemmtileg námskeið fyrir börn og unglinga sem eru á aldrinum 6 - 14 ára. Skátafélagið Vífill var með fyrstu skátáfélögum á landinu sem byrjuðu með slík námskeið fyrir 18 árum.

Dagskráin byggist upp á mikilli útvist og að sjálfsögðu ekta skátastarfi.

Aðstaða og stjórnun námskeiðanna verður í Skátamiðstöðinni Jötunheimum við Bæjarbraut 7.

Reyndir foringjar leiðbeina

Námskeiðunum er stýrt af reyndum skátaforingjum sem kunna sitt fag og hafa margra ára skátareynslu að baki. Þeir eru þaukunnugir útilífi, stjórnun í skátastarfi og hafa mikla reynslu af því að vinna með ungum Garðbæingum. Allir leiðbeinendur hljóta þjálfun hjá Bandalagi íslenskra skáta, sækja ítarlegt námskeið um starfshætti og öryggisreglur sumarnámskeiða og upprifjun í skyndihjálpi.

Mikil og góð dagskrá

Skátafélagið leggur metnað sinn í að

sinna einstaklingnum og byggja dagskrána upp í samræmi við reynslu undanfarinna ára.

Hvert námskeið er í eina viku í senn og á hverju námskeiði er nýtt þema.

Dagskrá námskeiðanna byggist hins vegar upp á tveggja vikna dagskrá og endar önnur hvor vika á útilegu við skátaskálann Vífilsbúð.

Þátttakendum er skipt upp í 5 - 7 manna flokka eftir aldri. Þessir flokkar starfa saman út námskeiðið.

Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils

Farið er í ýmsar ferðir í nágrenni skátaheimilisins, meðal annars hellaferð, kanóferð, veiðiferð, fjöruferð, fjallgöngu, hjólaferð og ýmsar aðrar kynnisferðir. Í annarri hverri viku, í lok hvers námskeiðs, er farið í tjaldútilegu í Heiðmörk, í nágrenni skála skátáfélagsins Vífilsbúðar. Í útilegunni er grillað, haldin kvöldvaka, farið í gönguferðir, hellaferð, póstaleiki o.fl. Í stuttu máli er gert flest allt sem tengist alvöru skátaútilegum enda eru útilegur og útilíf sérgrein skátana.

Ævintýranámskeið Vífils

Þetta námskeið er ætlað börnum og unglingum á aldursbilinu 11 - 14 ára. Þetta er tveggja vikna námskeið sem endar með stórrí útilegu. Námskeiðið byggist á alvöru útvist og öðruvísi íþróttum t.d kassakliffri o.fl. Þema í útilegunni er „Survivor“.

“Amazing race”

Þetta er í fjórða sinn sem Vífill tekur þátt í og heldur þennan viðburð með skátanámskeiðum

nágrannasveitarfélaganna. Þessir dagar tókust mjög vel í fyrra og hefur félagið ákveðið að vera með þessa daga aftur. Tjaldað verður á túninu við Hraunbyrgi, tjaldsvæði Hafnarfjarðar og fer dagskrá



útilegunnar fram um allan Hafnarfjörð.

Tilgangurinn með þessum dögum er að kynna skátastarf enn frekar fyrir foreldrum og verðandi skátum. Það skiptir gríðarlega miklu máli fyrir okkur að upplýsa foreldra um hvað skátastarf snýst.

Útilegan verður í júlí og er öllum þátttakendum sumarnámskeið-anna og skátum boðið að koma og taka þátt í dagskránni. Foreldrum er síðan boðið að taka þátt í stórskemmtilegri kvöldvöku um kvöldið. Upplýsingar um þennan viðburð verða birtar á heimasíðu félagsins í lok júní.

Nánari upplýsingar síðar

Dagsetningar verða auglýstar síðar í Sumarbæklingi Garðabæjar

Skráning á vefnum

Í fyrra var um 90% allra skráninga í gegnum vefsíðu Vífils og auðvitað verður hægt að skrá í gegnum www.vifill.is.

Einnig verður skráning í síma 899-0089 og 565-8820 eða með því að senda tölvupóst á vifill@vifill.is.



Smíðanámskeið Vífils

Nú í sumar er fjórða sumarið sem Vífill hefur yfirumsjón með smíðavöllum Garðabæjar. Síðustu þrjú sumur hefur þetta gengið frábærlega, en Smíðanámskeið Vífils hefur hreinlega slegið öll met því síðasta sumar kom metfjöldi þátttakenda til smíðanna.

Dagskrá allan daginn

Nú endurtökum við leikinn og tvínum saman leiki og fjör á smíðavellinum og höfum þar dagskrá allan daginn. Dagskráin er skemmtileg og alltaf nóg að gera. Ef ekki er verið að smíða þá er farið í leiki og Jötunheimar lagðir undir fyrir alla þá aðstöðu sem þarf. Salurinn niðri er nýttur fyrir mataraðstöðu og nóg er hægt að hafa fyrir stafni á námskeiðinu allan daginn.

Smíða kofa eða kassabíl

Eins og venjulega verður hægt að smíða stórhýsi eða kassabíl. Stórhýsi rúmast á lyftarabretti og því verður hægt að taka það með sér heim að námskeiði loknu og setja upp í garðinum heima.





Nýtt símanúmer: **510 95 05**

Við höfum flutt **Fjallakofann** að **Reykjavíkurvegi 64**

Fermingargjafir í úrvali

Skarpa gönguskór, svefnpokar, bakpokar, eldunaráhöld, gps-tæki og margt fleira fyrir útvistarfólkið. — Gjafakort!

© Hönnunuséð ehf. 0703



FJALLAKOFINN

Reykjavíkurvegi 64 • sími 510 95 05 • www.fjallakofinn.is

Myndir frá 17. júní

Þjóðhátíðardagurinn



laugardagsmorgni og tóku þátt í dagskránni fram eftir kvöldi en fóru þá aftur í bæinn.

Mikill fjöldi var því í hátíðarveislunni sem gekk frábærlega fyrir sig, en margir úr Baklandinu ásamt duglegum foreldrum tóku nokkur snör handtök í eldhúsinu og matardreifingunni því mikið gengur á þegar stór hópur svangra skáta kemur í kvöldmatinn.



Árleg útilega í október

Alltaf í október fer allt félagið í heild sinni í félagsútilegu og í þetta skiptið var farið í skíðaskálann í Bláfjöllum.

Mikill undirbúningur var búinn að vera í margar vikur á undan og hafði dróttskátasveitin og sveitarforingjar hennar veg og vanda af dagskrá útilegunnar.



Lagt af stað á föstudagskvöldi

Strax og komið var í skálann hófst dagskráin, en hún byggð upp af valþáttum og völdu flokkarnir hvað þeir ætluð að gera daginn eftir og þurfti að hugsa vel og lengi svo hægt væri að fara í sem flesta liði.

Hægt var meðal annars að fara í hellaferð, gönguferð eða í undirbúningshóp sem gerði allt klárt fyrir veislu kvöldsins því margt þurfti að undirbúa.

Kvöldvakan toppur dagsins

Á sígildri kvöldvöku koma allir hópar með skemmtiatriði og aðalmálið er að skemmta sér og öðrum. Í þetta skiptið eins og svo oft áður komu í ljós all svakalegir leiklistarhæfileikar og svo var sungið af miklum krafti.

Helgi félagsforingi t.d. lagði af stað með smáleikþátt sem krafðist smátt og smátt fleiri leikara og undir lokin voru hátt í tuttugu skátar á bólakafi í stórum hlutverkum og auðvitað stóðu allir sig með stakri þryði.

Seinni félagsútilegan að Úlfjótuvatni

Núna í febrúar fóru skátasveitirnar í stóra útilegu í skálana að Úlfjótuvatni og var þema útilegunnar "Afmæli" í tilefni afmælis Vífils á árinu.

Stór hópur skáta, foringja, foreldra og aðila úr Baklandinu fór austur og úr varð ein fjörugasta útilega vetrarins.

Hér gildir að myndir segja meira en þúsund orð.

Baklandið

Ylfingarnir komu á laugardeginum

Yngstu skátarnir komu svo á



Ómissandi næturleikur

Auðvitað er fastur punktur að allir fari í næturleikinn, en þá er skipt í lið og hoppað út í myrkrið og leyst verkefni til að bjarga heiminum og vissulega var heiminum bjargað enn á ný í æsispennandi eltingarleik um svæðið. Svo komu allir inn og fengu kakó og kex í verðlaun og svo var sofnað vært.



Vífilsbúð hin þriðja

Skátafélagið Vífill hefur verið svo lánsamt að eiga eigin útileguskála í nágrenni við bæinn, nánar tiltekið í Heiðmörkinni og hafa skálaútilegurnar í skálanum okkar, verið einn af hornsteinum skátstarfsins í Garðabæ. Skátar úr Vífli hafa nýtt skálana vel í gegnum árin og ef til vill eiga margir skátar sínar bestu minningar úr skálum félagsins.

Brann og brann...

Skálasaga Vífils er samt að nokkru saga skemmdarverka og óhappa. Fyrsti skálinn sem tekin var í notkun árið 1969 var brenndur til kaldra kola af skemmdarvörgum. Ekki þýddi að setja árar í bát, heldur var árið 1974 keyptur annar skáli, fokheldur og lögðust skátar síðan í vinnuferðir til að gera hann útileguhæfan. Sá skáli var svo fluttur á nýjan stað ofar í Heiðmörkinni og gerður enn á ný upp. Árið 1997 vildi hins vegar ekki betur til en svo, að skálinn fuðraði

upp í eldi, þegar skipta átti um gaskút, en sem betur fer urðu engin slys á fólki.

Fyrir ofan golfvöllinn

Skálarnir hafa allir verið staðsettir upp í Heiðmörk í landi Oddfellowa og hefur það verið ómetanlegur stuðningur sem seint verður fullpakkaður. Núna er skálinn staðsettur fyrir ofan golfvöllinn hjá Oddfellowunum. Allt kapp var lagt á það á sínum tíma að koma rafmagni í skálann og loks var lagður sérstakur strengur frá Hafnarfirði til hans og þar með gerbreyttist öll aðstaða til hins betra.

Frábært umhverfi

Vífilsbúð er skáli sem hentar vel fyrir skáta á aldrinum 8-14 ára. Það er t.d. stutt í Vífilstaðavatn, Maríuhella, Búrfellsgjá og aðra náttúru sem Heiðmörkin hefur upp á bjóða. Þessi skáli er vel staðsettur fyrir óvissuferðir eða hópeflisferðir fyrir yrirtæki og hópa. Hann er mikið notaður á veturna af



skátum og öðrum hópum og félagasamtökum. Mörg skátafélögin í nágrennabyggðum eru einnig oft að koma í útilegur í skálann.

Á sumrin er fín grasflöt til tjöldunar og leikja og svæðið vel nýtt af þeim sem koma á sumarnámskeið Vífils.

Skálinn tekur u.þ.b 20 manns í gistingu en hátt í 30 manns í sæti. Allar nánari upplýsingar fást á skrifstofu Vífils.

Hermann Sigurðsson

FERMINGARTILBOÐ



Medium ATX kassi m/USB að framan
Örgjörvi AM2 3000MHz
Vinnsluminni 1GB
Harður diskur 320GB
DVD skrifari 18X dual layer
Kortalesari
Skjákort Geforce 7300 256MB
Skjár 19" LCD
Lyklaborð og mús
Windows Vista Premium

Aðeins 99.900 kr.

S. 554 2187. tolvukaup@tolvukaup.is, www.tolvukaup.is



Við dreifum þjóðskrá og fyrirtækjaskrá

Daglegar, vikulegar og mánaðarlegar uppfærslur

Þjóðarsýn - Þjóðskrárkerfi fyrir fyrirtæki

Íbúasýn - Íbúakerfi fyrir sveitarfélög

www.ferli.is S 544-5888



Baklandið ótrúlegt

Það er ekki ofsögum sagt af því frábæra fólki sem skipar Bakland Vífils.

Þetta er hópur eldri skáta og foreldra sem styðja við bakið á Vífli og leysa hin margvíslegustu verk.

Gott dæmi er þegar nú í haust var ákveðið að ráðast í að smíða milliloft í skúrgeymslunni, en þá mætti hópur manna eldsnemma einn laugardagsmorguninn og svo var verið að langt fram eftir degi og verkið klárað.

Meira að segja komu svo margir að ekki komust allir í skúrinn á tímabili, svo flaggstangir voru þá bara settar upp líka. Algjörlega ómetanlegur stuðningur!



Vífill sér um 17. júní hátíðarhöld

Skátafélagið Vífill hefur oft séð um hátíðahöld á þjóðhátíðardaginn og síðustu árin með Fimleikadeild Stjórnunnar.

Í ár sótti stjórn Vífils um að fá að sjá alfarið um hátíðarhöldin og var það samþykkt á fundi hjá Íþrótt- og tólmstundaráði. Nú þegar er byrjað að huga að deginum.



| Forsíða | Um BIS | Þjónustuverkefni | Skátastarfi | Ferjingin | 2007 |
|--------------------------|--------|------------------|--|-----------|------|
| Afmælið 2007 | | | Skátaping 23.- 25. mars 2007 í Reykjavík | | |
| Dagatal | | | Að þessu sinni fer Skátaping fram í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík. Aðalfundastörf fara fram á föstudagskvöldið en þingið á laugardag og sunnudag. | | |
| Endurskoðun á lagskránni | | | | | |
| Fréttir | | | | | |
| CSF til frófar | | | Kostnaður: Hatttökugjald er kr. 5.900,- innifalin eru þinggögn, hádegisverður og kaffi á meðan þingi stendur. | | |
| Emskráning | | | | | |
| Jamboree 2007 | | | | | |
| Landamót skáta 2005 | | | Gisting: Ef aðstoðar er þörf í gistingarmálum, hafið þá samband við skrifstofu BIS. | | |
| Leit | | | | | |
| Myndir úr skátastarfi | | | | | |
| Nordjamb 2006 | | | Gögn fyrir skátaping | | |
| | | | Lög BIS | | |

Skátaping haldið í Reykjavík í mars

Aðalfundur Bandalags íslenskra skáta og Skátaping eru haldin einu sinni á ári. Þá hittast aðilar úr stjórnnum allra félaga sem og foringjar félaganna.

Þingið sem er heil helgi byrjar á aðalfundi á föstudagskvöldi og síðan hópavinnu á laugardegi og sunnudegi.

Að þessu sinni verða mörg málefni til umfjöllunar eins og nýjungar í dagskrá sem verður á boðstólum, breytingar á aldurskiptingu í skátastarfi, nýjar leiðbeininga- og kennslubækur og margt fleira. Vífill sendir hóp fulltrúa á þingið eins og ávallt.



Dróttskátar á "Saman"

Skátafélögin á höfuðborgarsvæðinu eiga kost á því að komast í stóra og mikla útilegu í október á ári hverju sem kallast Saman.

Eina sem er skilyrði fyrir því að dróttskátar félaganna megi koma, er að þeir komi með hjálparsvæit viðkomandi bæjarfélags með sér. Í raun eru þessi útilega eitt stórt samstarfsverkefni og hefur það tekist svo vel að öll félögin og allar hjálparsvæitir streyma annað hvort í Þórsmörk eða á Snæfellsnesið, nánar tiltekið á Rífi, en þangað var farið í ár.

Klifur, sig, skyndihjálpar eru allt þættir sem dróttskáturnir eru látnir spreyta sig á og auðvitað er svo allsherjar kvöldvaka með tilheyrandi gítarspili á kvöldin.



Gríðarlegur áhugi á Jamboree

Næsta alheimsskátamót, svokallað Jamboree verður haldið árið 2007 rétt fyrir utan London í Englandi.

Mikill áhugi er hjá íslenskum skátum að fara á mótið og nú er ljóst að hópurinn er orðinn langstærsti íslenski skátahópur sem fer í einu á eitt skátamót. Alls fara 430 skátar héðan og fylla því nokkrar flugvélar. Við í Vífli erum auðvitað stolt af því að eiga 15 skáta í þessum hópi. Jamboree er haldið á fjögurra ára fresti og alltaf í mismunandi heimsálfu.

Á svona móti eru um 50 þúsund þátttakendur hvaðanæva úr öllum heiminum og er þetta eitt mesta ævintýri sem skátar geta komist í.

Skátar úr Vífli fóru fyrst á Jamboree sem var í Kanada ári 1983 og síðan hafa skátar úr Vífli farið á öll alheimsmótin síðan þá, en síðustu mót hafa t.d. verið haldin í Chile, Ástralíu, Hollandi og Tælandi. Myndin sýnir íslenskan Jamboreehóp sem fór á mótið í Taílandi.



Nýir forsetamerkishafar Vífils

Þær Halldóra Miyoko Magnúsdóttir og Sigrún Helga Gunnlaugsdóttir úr Vífli, voru meðal dróttskáta sem fengu afhent Forsetamerkið við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í haust.

Merkið afhendir forseti Íslands þeim dróttskátum sem klára sérstök verkefni sem spanna yfir tveggja ára starf í dróttskátum. Vífill óskar þeim innilega til hamingju með þennan frábæra árangur.



GH Ljós
Garðatorg 7
210 Garðabæ
Sími 565-6560
gh@gh.is
www.gh.is


Tannlæknastofan Garðatorgi

| | |
|------------------------------|-------------|
| Áslaug Óskarsdóttir | S: 565-9080 |
| Guðrún Jónsdóttir | S: 565-9070 |
| Úlfhildur Áslaug Leifsdóttir | S: 565-9077 |



GARDATORG
EIGNAMÍÐLUN

GARDATORGI 7 - GARÐABÆ
Sími : 545-0800 - fax : 545-0801
gardatorg@gardatorg.is
www.gardatorg.is
Fasteignasalan í Garðabæ



Skátafélagið Vífill þakkar öllum þeim fyrirtækjum er styrktu útgáfu þessa blaðs og hvetur Garðabæinga, sem og alla aðra til að nýta sér þjónustu þeirra !

Engilbert Ó H Snorrason
tannlæknir
Sími: 565-6844

Jólagleði Vífils Allir farnir að hlakka til næstu jóla

Jólagleðin stærri og meiri
Föst hefur skapast um það að halda jólaboð með stjórn, heiðursfélögum, Baklandinu, foringjum, eldri skátum og sérstökum velunnurum félagsins. Einnig var bæjarstjórn og mökum boðið ásamt formönnum ýmissa nefnda hjá Garðabæ og öðru lykilmóki.

Spaugilega hliðin
Yfir borðhaldi er svo reynt að líta yfir dagskrá og verkefni líðandi árs frá spaugilegu hliðinni og hafði veislustjórninn kafað í ljósmyndasafn ársins og dregið fram allar þær ljósmyndir sem klárlega ekki væru birtar í þessu blaði.



Auðvitað allt undirbúið af Vífli
Þetta árið voru alls 70 gestir, en það var ekkert að vefjast fyrir nokkrum aðilum úr Baklandinu að annast allan undirbúning og matseld fyrir hópinn. Eftir góðan mat, grín og ræðuöld voru að lokum driffjaðir



skátafélagsins þetta árið leystar út með jólagjöfum sem þakklætisvott fyrir allt hið mikla og óeingingjarna sjálfboðastarf fyrir félagið á árinu.



Prettándabrennan við Vífilsbúð

Okkar árlega prettándabrenna datt upp fyrir árið 2006 þegar enginn mátti kveikja elda á landinu öllu sökum veðurs. Sem betur fer gekk þó betur þetta árið og kveikt var í brennunni laust eftir klukkan átta.

Frábært veður var, logn en auðvitað töluverður kuldi. Menn létu það nú ekki á sig fá og klæddu það bara af sér.

Sungjð og sungjð

Mikill fjöldi Garðbæinga kom í Heiðmörkina til okkar og tók þátt í söng við varðeldinn. Alveg ljóst var að ekki gekk alveg klakklaust að syngja nýju "erfiðu" hreyfisöngvana og nú stefnum við næst á gömlu góðu lögin sem allir kunna.



Flugeldasýning ómar um dalinn

Alveg var ótrúlegt að sjá flugeldana í myrkrinu í Heiðmörkinni og magnaðist allt með bergmáli sprenginganna um allan dalinn. Hjálparsveit skáta í Garðabæ sá um flugeldasýninguna sem endranær.

Kakó og kleinur á palli Vífilsbúðar

Strax að lokinni flugeldasýningu var skundað upp á pallinn við Vífilsbúð og biðu þar kræsingar sem stjórn, foringjar og Baklandið hafði undirbúið.

Vífil býður alltaf gestum upp á kakó, kex og kleinur í tilefni dagsins og var það mál manna að aldrei hefðu jafnmargir verið á pallinum samtímis áður.



Komdu á næstu prettándabrennu !

Prettándabrennan er fyrir löngu orðinn fastur liður í dagskrá Vífils og því engin ástæða að missa af þeirri næstu.

Klæddu þig í kuldagallann og komdu í fjörið, þú sérð ekki eftir því !

Ný vefsíða Vífils - www.vifill.is

Mikil umferð á síðunum

Ný vefsíða vígð á 40 ára afmælinu

Það er ótrúlegt hvað vefsíða Vífils er mikið notuð og við erum rétt að byrja ! Í tilefni 40 ára afmælisins ætlum við að endurnýja vefsvæðið okkar og er það nú unnið í samvinnu með Bandalagi íslenskra skáta og mun gera skátafélögum kleift að samræma aðgerðir eins og skráningu í félögin og margt fleira.

Meira og meira á vefinn !

Það er okkar stefna að meiri upplýsingar um Vífil komi á vef félagsins. Nefna má að tæplega 90% af allri skráningu í sumarnámskeiðin okkar fara fram á netinu og auðvitað hefur þetta auðveldað gríðarlega fyrir okkur. Sem dæmi má nefna að skátaskeytin er auðvitað hægt að panta á netinu og nú stefnum við á að öll félagaskráning og upplýsingar um skáta verði hægt að sjá á vefnum í framtíðinni.

Fleiri möguleikar í nýjum vef

Við fáum alveg nýtt vefumsjónarkerfi sem gefur okkur nýtt fréttakerfi, dagatal og möguleika á uppbyggingu á myndasafni Vífils. Einnig verður nýtt valmyndakerfi sem gerir okkur kleift að stofna nýja flokka með undirsíðum og viðhengjum. Við bindum miklar vonir við þetta kerfi og ætlum okkur stóra hluti með nýju vefsíðunni.

Ótrúlega mikið skátastarf á netinu

Nánast öll skátafélögin hafa sínar eigin síður og hægt að fara inn á þær allar frá heimasíðu Bandalags íslenskra skáta en hún er www.skatar.is. Einnig er mikill fjöldi tengla inn á skátastarf um víða veröld og er nánast hægt að tapa sér í því mikla magni gagna sem hægt er að nálgast um skátastarf í heiminum.



Gamli vefur Vífils er hér að ofan, en hér að neðan er frumsýning á þeim nýja.





Efnalaug og fataleiga Garðabæjar S: 565-6680



S: 514-7806



Cleo

Hárgreiðslustofa

www.intrecoiffure.is

Sími 565-6465



Garðablóm S: 565-6722

GLERAUGNAVERSLUN
GARÐABÆJAR

GARÐATORGI

S: 534-2661



Íslensku
Vigtarráðgjafarnir

S: 865-8407

www.vigtarradgjafarnir.is

Garðatorg



Hjarta Garðabæjar

FRÍTT VERÐMAT Á ÞINNI EIGN
ÖRUGG OG GÓÐ ÞJÓNUSTA



HRINGDU NÚNA
822 8283

Óli Gísl
Sölufulltrúi
oligisli@remax.is

RE/MAX
Torg